



27. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í grunnskólanum á Bakkafirði fimmtudaginn 11. júní 2015 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Gunnólfur Lárusson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Reynir Atli Jónsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti bar undir fundinn að bæta við eftirtöldum dagskrárliðum:

nr 17. Heilbrigðiþjónusta í Langanesbyggð

nr 18. Úthlutun lóðar – Hálsvegur 12

nr 21. Trúnaðarfundur

Ósk þess efnis ásamt gögnum var sent á sveitarstjórn í gær. Aðrir dagskrárliðir færast aftur sem því nemur.

Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerð 4. fundar hafnarnefndar Langanesbyggðar dags. 5. júní 2015

Liður 2. Bréf Ísfélags Vestmannaeyja – Sjókerfi, húsnæði og inntak.

Siggeir benti á vanhæfi sitt til að fjalla um 2. lið fundargerðarinnar. Samþykkt samhljóða. Siggeir vék af fundi og varaoddviti tók við stjórn fundarins.

Afgreiðsla hafnarnefndar Langanesbyggðar borin undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Siggeir kom aftur inn á fundinn og tók við fundarstjórn.

Aðrir liðir fundargerðar lagðir fram til kynningar

2. Fundargerð 2. fundar byggingarnefndar leikskóla/skólamiðstöðvar dags. 3. júní 2015

Lögð fram til kynningar.

Orrí arkitekt kom í heimsókn og fundaði með heimamönnum og var það góð heimsókn og mál skýrðust mikið. Sveitarstjóri fór yfir vinnu sem unnin hefur verið síðan. Vonir standa til að teikningar fari að berast innan tíðar.

3. Fundargerð 828. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29. maí 2015

Lögð fram til kynningar

4. Fundargerð 172. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra dags. 15. apríl 2015

Lögð fram til kynningar



LANGANESBYGGÐ

- 5. Fundargerð 173. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra dags. 6. maí 2015**
Lögð fram til kynningar
- 6. Fundargerð 375. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags. 22. maí 2015**
Lögð fram til kynningar
- 7. Fundargerð 19. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 17. apríl 2015**
Lögð fram til kynningar
- 8. Fundargerð 20. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 27. apríl 2015**
Lögð fram til kynningar
- 9. Fundargerðir aðalfundar 2015 Greiðrar leiðar ehf, fundargerð hluthafafundar Greiðrar leiðar ehf, Ársreikningur 2014 og fundargerðir stjórnar Greiðrar leiðar ehf nr 101,102,103.**
Lagt fram til kynningar
- 10. Fundarboð vegna aðalfundar Sparisjóðs Norðurlands ses**
Lagt fram til kynningar.
Lagt til að sveitarstjóri eða skrifstofustjóri sitji fundinn og fari með umboð fyrir hönd Langanesbyggðar. Samþykkt samhljóða.
- 11. Úthlutun til styrkvega 2015**
Langanesbyggð fékk úthlutað 2,5 milljónum úr styrkvegaskjóði fyrir árið 2015. Sveitarstjórn vísar því til atvinnu-, menningar og ferðamálanefndar að koma með tillögur að forgangsröðun á lagfæringum á styrkvegum. Samþykkt samhljóða. Landbúnaðarnefnd hefur nú þegar bókað að hún telji að styrkvegafé eigi næst að fara í veginn inn í Tunguselsheiði.
- 12. Varasjóður húsnæðismála – lok verkefnisins**
Lagt fram til kynningar
- 13. Sorphirða í Langanesbyggð**
Á fundi landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar þann 14. apríl sl beindi nefndin því til sveitarfélagsins að mikilvægt sé að koma sorphirðu sveitarfélagsins í betra horf. Á það við um að allt sorp sé hirt og að sveitarfélagið fylgist með því að sorp í sveitarfélaginu sé hirt eins og samningar kveða á um. Sveitarstjóri lagði fram minnisblað um málið þar sem farið var yfir athugasemdir og ábendingar landbúnaðarnefndar. Sveitarstjóra falið að koma upplýsingum á framfæri við landbúnaðarnefnd og aðra sem málið varðar. Samþykkt samhljóða.
- 14. Framtíð úrgangsmála í Langanesbyggð**
Lagt til að starfshópur sem stofnað var til á 15. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar dags. 15. janúar 2015 verði lagður niður. Lagt til að umhverfis- og skipulagsnefnd taki við málinu og að hún í samvinnu við sveitarstjóra leggi fram fyrstu tillögur að framtíðarlausnum í úrgangsmálum fyrir Langanesbyggð fyrir 30. september n.k. Samþykkt með 6 atkvæðum. Hilma var á móti



15. Þórsver – drenlagnir

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað og fór yfir málið. Lagt til að farið verði í að setja dren lagnir við austurhluta Þórsvers, þar sem kjallari er staðsettur. Sveitarstjóra falið að fá verðtilboð í verkið. Samþykkt samhljóða.

16. Langaneshafnir – öryggismyndavélar

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað um málið til kynningar.

17. Heilbrigðisþjónusta í Langanesbyggð

Sveitarstjóri kynnti málið. Heilbrigðisstofnun Norðurlands er að draga verulegu úr þjónustu við íbúa Langanesbyggjar en samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands verða bakvaktir hjúkrunarfræðinga ekki viðhafðar í sumar. Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir áhyggjum sínum á skertri þjónustu við íbúa og felur sveitarstjóra að koma því á framfæri við Heilbrigðisstofnun Norðurlands, ráðherra heilbrigðismála og þingmenn kjördæmissins. Samþykkt samhljóða.

18. Úthlutun lóðar – Hálsvegur 12

Reynir lýsti yfir vanhæfi sínu í málinu. Samþykkt samhljóða. Reynir vék af fundi. Sveitarstjóri lagði fram lóðablað sem sýnir lóðina við Hálsveg 12 og fór yfir málið. Sveitarstjóra falið að ganga frá úthlutun lóðarinnar. Samþykkt með 5 atkvæðum. Gunnólfur sat hjá. Óskað eftir 2 mínútna fundarhléi. Gunnólfur bókar eftirfarandi: Telur að umhverfis- og skipulagsnefnd eigi að fjalla um úthlutun lóða áður en þær eru afgreiddar í sveitarstjórn.

Reynir kom aftur inn á fundinn.

19. Rekstraruppgjör janúar-apríl

Sveitarstjóri fór í stuttu máli yfir helstu niðurstöður uppgjörins. Afkoma A sjóðs er á heildina litið að standast áætlun fyrir fyrstu 4 mánuði ársins. Afkoma A og B hluta samtals er betri en gert er ráð fyrir í áætlun og ræður þar mestu meiri tekjur í hafnarsjóði.

20. Skýrsla sveitarstjóra

Áningastaður Bakkafirði. Búið er að fá verktaka í það verkefni

Bréf rannsóknarnefndar samgönguslysa. Hafnarnefnd hefur fjallað um málið og unnið er að úrlausn

Bréf á vegamálastjóra. Vegamálastjóri staðfesti móttöku á erindinu og sagði það verða tekið fyrir í vinnu við samgönguáætlun.

Naust. Verið er að ljúka við hellulögn við Naust.

Viðhald á skólabyggingum. Smærri verkefni er varða viðhald eru komin í gang og verið er að leita verðtilboða í önnur

Ver - rekstrarstjórn. Sveitarstjóri hefur fundað óformlega með stjórnarmönnum, bæði til að átta sig á væntingum þeirra til stjórnarinnar og til að fara yfir verkefni. Formlegur fundur verður fljótlega

Vinnuskóli. Vinnuskólinn er hafinn og hafa flokksstjórar verið ráðnir í báðum byggðalögum



LANGANESBYGGÐ

Tölvumál: Búin að vera að skoða tölvumál, hugbúnaðarmál og síma og hvaða leiðir eru til sparnaðar í þeim efnum.

Ferð til Vopnafjarðarhrepps. Lagt til að sveitarstjórnarmenn fari í heimsókn til Vopnafjarðarhrepps og kynni sér sorpmál, sorpflokkun og skoði leikskóla og grunnskólann. Sveitarstjóra falið að skipuleggja heimsóknina.

Ráðning skrifstofustjóra. Alls sóttu 3 aðilar um starfið. Búið er að ræða við umsækjendur og verður niðurstaðan kynnt innan tíðar á heimasíðu sveitarfélagsins.

21. Trúnaðarfundur

Fundi lokað og fundargerð færð í trúnaðarbók

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:52